

Fundargerð

4. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2004-2006, var haldinn í Íþróttamiðstöð Íslands, þriðjudaginn 6. júlí 2004, kl. 20:00.

Fundinn sátu: Jónas Egilsson, formaður, Stefán Halldórsson, Unnur Sigurðardóttir, Birgir Guðjónsson, Guðmundur Kristinsson og Egill Eiddsson framkvæmdastjóri. Forföll tilkynnti Einar Kr. Jónsson.

Formaður setti fundinn og stjórnaði.

1. Fundargerð 3. fundar stjórnar lögð fram. Samþykkt.

2. Stjórnun, fjármál og rekstur

- a) Ný lög FRÍ lögð fram með áorðnum breytingum, sem framkvæmdastjórn ÍSÍ óskaði eftir að gerðar yrðu á lögnum.
Samþykkt. Framkvæmdastjóri sendi ÍSÍ lögina til staðfestingar.
- b) Skipurit FRÍ. Stefán lagði fram hugmynd að myndrænni framsetningu um skiptingu verkefna innan stjórnar og starfsmanna.
- c) Styrktarsamningar. Guðmundur Kristinsson gerði grein fyrir stöðu mála varðandi styrktarmál/samninga í tengslum við verkefni FRÍ það sem af er árinu.
- d) Skipan laganeftar FRÍ 2004-2006. Formaður lagði fram tillögu um að eftirfarandi einstaklingar skipi laganeftar FRÍ á starfstímabilinu: Guðmundur Sigurðsson, Óskar Thorarensen, Þorstein Þorsteinsson Jónas Egilsson sem jafnframt verði formaður nefndarinnar. Samþykkt.
- e) Skipan Tæknineftar: Birgir Guðjónsson formaður Tæknineftar lagði til að Rósa Marinósdóttir og Þorsteinn Þorsteinsson tækju sæti með honum í nefndinni. Samþykkt.
Birgir Guðjónsson yfírgaf fundinn.
- f) Frjálsíþróttablaðið. Rætt um fjárhagslegt uppgjör og framkvæmd á 1. útgáfu Frjálsíþróttablaðsins, sem kom út 17. júní sl. Fram kom að fjárhagsleg afkoma væri jákvæð og var stjórnin sammála um að halda útgáfunni áfram, en jafnframt að boðaður yrði fundur með ritnefnd blaðsins til að ræða framhaldið og efnisöflun/efnisinnihald næsta blaðs.
Formanni, Stefáni og Guðmundi falið að funda með ritstjórninni.
- g) Mótaþing EAA 2005. Rætt um mögulega framkvæmd þingsins hér á landi á næsta ári. Vinna við forathugun á málinu og mun formaður, ásamt Stefáni m.a. funda með borgarstjóra Reykjavíkur á morgun um möguleika á aðkomu borgarinnar að málinu, en engin ákvörðun verður tekin að svo stöddu máli.
- h) Starfsmannamál. Samningur við landsliðsþjálfara rennur út eftir Ólympíuleika. Hann hefur tilkynnt að hann muni ekki taka að sér störf fyrir FRÍ í fullu starfi, verði það í boði. Hann sé hins vegar tilbúinn til viðræðna um áframhaldandi samstarf, sé sameiginlegur grundvöllur fyrir því. Stefáni og Unnið að falið að ræða við landsliðsþjálfara og aðra starfsmenn FRÍ um endurskoðun og framhald á þeirra störfum hjá FRÍ vegna mögulegra breytinga á starfi landsliðsþjálfara.

3. Landsliðsmál.

- a) Val á keppendum á HM unglinga í Grosseto.
Samþykkt tillaga ÍÞA um að Ásdís Hjálmsdóttir og Bergur Ingi Pétursson verði valin til þátttöku, enda bæði með lágmark.

- Fararstjóri og þjálfari verður Stefán Jóhannsson.
- b) Evrópubikarkeppnin í fjölþrautun í Riga um sl. helgi. Formaður greini frá mótinu í Riga, en hann var það sem fulltrúi EAA. Vilborg Jóhannsdóttir varð í 10.sæti og Kristín Birna Ólafsdóttir í 19.sæti í einstaklingskeppni mótsins, en samtals 28 konur tóku þátt í sjöþrautarkeppni mótsins.
 - c) Næstu verkefni erlendis. Rætt um undirbúning og þátttöku á NM unglunga 19 ára og yngri í Espoo í Finlandi, Ólympíuleikunum í Aþenu og NM 20-22 ára í Fredrikstad í Noregi.
 - d) Skýrsla Landsliðsþjálfara um Evrópubikarkeppni. Lögð fram skýrsla landsliðsþjálfara vegna Evrópubikarkeppninnar í Reykjavík.

4. Evrópubikarkeppnin.

- a) Guðmundur Kristinsson lagði fram skýrslu “Endurmat vegna undirbúnings og framkvæmdar Evrópubikarkeppninnar og sölu styrktarsamninga”. Hann fór yfir helstu þætti í framkvæmdinni. Það kom fram í skýrslu Guðmundar að allur undirbúningur og framkvæmd keppninnar tóks einstaklega vel og var öllum til sóma sem að komu. Útlit er fyrir að fjárhagsleg afkoma keppninnar verði í jafnvægi.

5. Mótamál.

- a) MÍ aðalhluti 24.-25.júlí nk. Lagt fram boðsbréf og drög að tímaseðli fyrir mótið, sem verður í framkvæmd Umf. Fjöltnis á Laugardalsvelli.
- b) Bikarkeppni FRÍ, framkvæmd, samningur milli FRÍ og mótshaldara. Senda þarf bréf til þeirra liða sem eiga þátttökurétt í 1.deild og óska eftir að þau staðfesti þátttöku og einnig þarf að óska eftir þátttöku tilkynningum frá liðum sem hyggjast taka þátt í 2.deild keppninnar. Þá þarf að ganga frá samningi milli FRÍ og frjálsíþróttadeildar FH um framkvæmd keppnina í 1.deild, sem fram fer í Kaplakrika 6.-7.ágúst nk.
- c) MÍ í 10000m karla, 5000m kvenna. Rætt um framkvæmd keppni í þessum tveimur MÍ greinum, en engin mótshaldari hefur óskað eftir að framkvæma keppnina ennþá.
- d) Yfirdómari FRÍ á MÍ aðalhluta og Bikarkeppni FRÍ. Samþykkt að formaður Tækninefndar komi með tillögu að yfirdómurum á ofangreind mót.

6. Lagt fram.

- a) Upplýsingar um lyfjæftirlit IAAF/WADA. Lagt fram upplýsinga-bréf frá IAAF um lyfjæftirlit á vegum sambandsins og nýjar regur um framkvæmd og eftirlit með afreksfólki í frjálsíþróttum. Birgir Guðjónsson er reiðubúinn að halda fund á næstunni um þessi mál.

7. Innsend mál.

- a) Lagt fram bréf frá Öldungaráði FRÍ, dagsett 22.júní sl., um MÍ öldunga í ágúst, en fram kom í bréfinu eindregin ósk Öldungaráðsins um að kanna möguleika á að færa MÍ öldunga á gerviefnisvöll, en mótið á að halda á Akureyri 20.-21. ágúst nk. Stefán kanni möguleika á þessu í samráði við mótshaldara í UFA/UMSE.
- b) Lagt fram bréf frá ÍBR, dagsett 23. júní sl., um fulltrúa á þingum sérsambanda. Vísað til laganefndar til umfjöllunar.
- c) Félagaskipti. Eftirfarandi félagaskipti hafa verið tilkynnt til FRÍ frá síðasta fundi: *Íris Dröfn Árnadóttir*, kt. 131289-2959, úr Umf. Þór (HSK) í FH (ÍBH) Fær réttindi til að keppa fyrir FH 14. júní 2004. *María Ósk Felixadóttir*, kt. 030492-2699, úr ÍR (ÍBR) í Umf. Smárann (UMSE). Fær réttindi til að keppa fyrir Smárann 25. júní 2004.

Olga Rannveig Bragadóttir, kt. 310586-3079, úr FH (ÍBH) í Umf. Tálknafjarðar (HSV). Fær réttindi til að keppa fyrir Umf. Tálknafjarðar 21. júní 2004.

Guðmundur Þór Eliasson, kt. 271277-3429, úr Umf. Tindastóli (UMSS) í Umf. Hvöt (USAH). Fær réttindi til að keppa fyrir Hvöt 5. júlí 2004.

Unnar Vilhjálmsson, kt. 281061-6669, úr Umf. Smáranum (UMSS) í UFA (ÍBA). Fær réttindi til að keppa fyrir UFA 5. júlí 2004.

Alexandra Rut Utley, kt. 021189-2519, úr Umf. Óðni (ÍBV) í FH (ÍBH). Fær réttindi til að keppa fyrir FH 8. júlí 2004.

Allir einstaklingar 15 ára og eldri þurfa að greiða félagaskiptagjald til FRÍ að upphæð kr. 1.000.- til að félagaskipti taki gildi.

8. Önnur mál.

- a) Formaður greindi frá fundi sem hann átti með formanni Írska frjálsíþróttasambandsins 21. júní sl.
- b) Unnur ræddi hugmynd um að einstaklingar sem bættu íslandsmet fengju einhverja viðurkenningu eða plagg frá FRÍ. Rætt. Einnig rætt um að koma upp ákveðnu kerfi vegna stórafmæla fyrrverandi afreksmanna í frjálsíþróttum.
- c) Rætt um að koma á fót markaðsráði FRÍ með einstaklingum sem hafa reynslu og áhuga á þessu sviði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22:50.

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.